

REGLUGERÐ

um breytingu á ýmsum reglugerðum vegna geymslu koldíoxíðs í jörðu.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 797/1999, um varnir gegn mengun grunnvatns.

1. gr.

Í stað „Hollustuverndar ríkisins“ kemur hvarvetna (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein 7. gr. a sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Geymsla koldíoxíðs í jörðu.

Umhverfis- og orkustofnun getur, þrátt fyrir ákvæði 5., 6. og 7. gr., heimilað í starfsleyfi eða könnunarleyfi í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um geymslu koldíoxíðs í jörðu, niðurdælingu koldíoxíðs til geymslu, enda sé slík niðurdæling í samræmi við reglur um vernd grunnvatns og leiði ekki til rýrnunar á ástandi viðkomandi vatnshlots eða þess að ekki sé hægt að ná fram umhverfismarkmiðum III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 1430/2022, um geymslu koldíoxíðs í jörðu.

3. gr.

Í stað „Umhverfisstofnun“ kemur hvarvetna (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Á eftir „notkunarskilyrði“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: „þær koma ekki til með að henta til annarra nota af náttúrulegum ástæðum.“

III. KAFLI

Innleiðing, lagastoð og gildistaka.

5. gr.

Innleiðing.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á fjórða undirlið j–liðar 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2000/60 frá 23. október 2000 um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum eins og henni var breytt með 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. og 33. gr. b. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 29. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. mars 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Stefán Guðmundsson.